

Ed. 789. Frumvarp til laga [439. mál]

um breyting á lögum nr. 10/1960, um söluskatt, með síðari breytingum.

Flm.: Margrét Frímannsdóttir, Skúli Alexandersson, Svavar Gestsson.

1. gr.

Á eftir töluliðum 6. gr. laganna komi ný málsgrein sem orðist svo:

Einnig eru iðgjöld af tryggingum bifreiða öryrkja undanþegin söluskatti. Fjármálaráðherra setur í samráði við heilbrigðisráðherra reglugerð um tilhögun þessarar undanþágu.

2. gr.

Lög þessi gilda fyrir tryggingaárið frá 1. mars 1988 og áfram.

Greinargerð.

Það er kunnara en frá þurfi að segja að tryggingaiðgjöld hækkðu nú nýverið um nærri 100%. Hafa þingmenn Alþýðubandalagsins flutt um það tillögu hvernig lækka megi tryggingaiðgjöld.

Hér er flutt frumvarp um afmarkaðan þátt þessa máls, þ.e. iðgjöld af bifreiðum öryrkja. Það má öllum ljóst vera að iðgjöld af bílatryggingum eru láglaunafólki öllu ofviða að ekki sé talað um fatlaða. Munurinn er hins vegar sá að fatlaðir eiga margir engan kost á því að komast um nema með bifreið. Hækkunin á iðgjöldunum jafngildir þess vegna algjöru ferðabanni á fjölda þessa fólks. Því er hér lagt til að ríkið felli niður söluskatt af iðgjöldum bíla fatlaðra.

Þetta frumvarp er í samræmi við ábendingar sem komið hafa fram frá fötluðum.